

Námsver í FB

Aukinn stuðningur við nemendur

Verkefnastjóri:
Sunneva Filippusdóttir

Efnisyfirlit

1. Markmið verkefnis samkvæmt umsókn	3
2. Leiðir sem valdar voru að markmiði verkefnis.....	4
a) Samstarf við námsráðgjafa.....	5
b) Samstarf við framhaldsskólabraut	5
c) Samstarf við fagstjóra starfsbrautar	5
d) Samstarf við fagstjóra innflytjendabraut.....	6
3. Frávik miðað við áætlun verkefnisins	6
4. Helstu hindranir	6
5. Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið	7
6. Mat á verkefninu	8
7. Niðurstöður verkefnisins	9
8. Kynning á verkefninu.....	10

1. Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Markmiðið verkefnisins er að bæta þjónustu í námi og kennslu nemenda á mörkum skólastiga. Koma á fót öflugum náms- og stuðningsverum fyrir nemendur sem eiga í erfiðleikum með nám sitt eða þurfa á sérstakri aðstoð að halda, sökum sértækra námsörðugleika, fötlunar, tungumálaörðugleika eða annars. Einnig er námsverinu ætlað að veita kennurum faglegan stuðning til að koma betur til móts við nemendur með sértæka námsörðugleika.

Í námsverinu skulu nemendur hafa aðgang að faglegri þjónustu, stuðningi eða sérkennslu allt eftir því hvað hentar hverjum og einum. Auk þess skulu nemendur hafa aðgang að sérhæfðum vél- og hugbúnaði. Þjónusta námsvers á að gera nemendum betur kleift að takast á við nám sitt og stuðla þannig að bættri líðan og styrkari sjálfsmynd.

Verkefnið var til tveggja ára og hófst á haustönn 2010 og lauk á vorönn 2012. Sunnevu Filippusdóttur sérkennara var falið að stýra verkefninu.

Sprotasjóður styrkti verkefnið og þökkum við fyrir það.

2. Leiðir sem valdar voru að markmiði verkefnis

Verkefnastjóri var Sunneva Filippusdóttir sérkennari. Verkefnastjóri var ábyrgur fyrir því að skipuleggja og koma á fót og þróa námsver í samráði við stjórnendur skólans. Lagt var upp með að í námsverinu hefðu nemendur aðgang að ráðgjöf, námsstuðningi, sérhæfðum hugbúnaði s.s. talgervlum og ýmsum hjálparforritum.

Í byrjun haustannar 2010 var gerð verkáætlun þar sem verkþáttum verkefnis var forgangsraðað út frá markmiðum þess. Leiðirnar sem valdar voru byggðust á náinni samvinnu verkefnisstjóra, námsráðgjafa skólans, kennara framhaldsskólabrautar, fagstjóra starfsbrautar og fagstjóra innflytjendabrautar. Einnig var samstarf við kennara á öðrum brautum skólans og hefur það aukist frá upphafi verkefnis.

Í upphaf verkefnisins var ákveðið að nemendur með sértæka námsörðugleika og nemendur með almenna námsörðugleika hefðu forgang hvað varðar þjónustu námsversins. Það var ljóst að þörfin fyrir ráðgjöf og námstuðning við þennan nemendahóp væri mikil, einkum með tilkomu náms til framhaldsskólaprófs. Síðar í ferlinu hefur námsverið getað sinnt fleiri nemendum og samstarf við kennara á öðrum brautum skólans aukist og felst það m.a. í ráðgjöf og að skipuleggja námsstuðning við einstaka nemendur.

a) Samstarf við námsráðgjafa

Verkefnastjóri og námsráðgjafar hafa frá upphafi verkefnis fundað einu sinni í viku og felst samstarf námsvers og námsráðgjafa í að:

- a) Senda upplýsingar til kennara um einstaka nemendur.
- b) Meta þörf fyrir sérkennslu og vera í samstarfi við kennara þar um.
- c) Sækja um fjárveitingar til sérkennslu og aðstoð til Menntamálaráðuneytis v/nemenda sem eru langveikir eða með fötlun.
- d) Meta beiðnir nemenda um undanþágu frá einstöku námsgreinum.
- e) Fjalla um námsstuðning við einstaka nemendur og skipulag námsstuðnings í skólanum.
- f) Halda utan um greiningar nemenda með sértæka námsörðugleika og önnur vandamál er hafa áhrif á námið.
- g) Skipuleggja sérúrræði í prófum.

b) Samstarf við framhaldsskólabraut

Verkefnastjóri sat hálfsmánaðarlega fundi með verkefnastjóra og umsjónarkennurum framhaldsskólabrautar. Á þessum fundum var fjallað um námsleiðir, námsefni, námsstuðning og hvernig stuðningi við einstaka nemendur væri best háttað. Einnig var það hlutverk verkefnastjóra námsvers að halda utan um greiningar og upplýsingar um einstaka nemendur á brautinni og miðla þeim til kennara. Allir nemendur er hefja nám á framhaldsskólabraut fá kynningu á námsverinu og þjónustunni sem þar er í boði.

c) Samstarf við fagstjóra starfsbrautar

Frá stofnun námsversins hefur verið mikið samstarf við fagstjóra og kennara á starfsbraut skólans. Á hverri önn sækja nokkrir nemendur almenna áfanga utan starfsbrautarinnar og fá námsstuðning í námsverinu. Flestir þessara nemenda eru með fastan tíma þar. Einnig felst samstarfið í því að nemendur á öðrum brautum skólans sem þurfa meiri grunnþekkingu í einstökum námsgreinum sækja tíma á starfsbrautinni. Með þessu fyrirkomulagi er hægt að mæta nemendum betur þar sem þeir eru staddir námslega.

d) Samstarf við fagstjóra innflytjendabraut

Það eru einkum nemendur sem eru útskrifaðir af innflytjendabraut og eru á öðrum brautum skólans sem sækja sér námsaðstoð í námsverinu. Samstarfið við fagstjóra brautarinnar hefur því enn sem komið er nær eingöngu falist í skoðanaskiptum varðandi stuðningsefni og forrit sem nemendur brautarinnar geta nýtt sér í náminu. Fyrirhugað er að efla þetta samstarf í framtíðinni.

e) Skólaheimsóknir og endurmenntun

Nokkrir þátttakendur verkefnisins fóru í heimsóknir í tvo framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu og kynntu sér hvernig námsstuðningi og ráðgjöf við nemendur væri háttað í viðkomandi skólum. Þessar heimsóknir voru mjög gagnlegar, einkum hvað varðar forgangsröðun á verkefnum námsversins.

Þrjú kennarar skólans fóru á tölvu- og hugbúnaðarsýninguna Bett á vorönn 2012.

Tveir kennarar námsversins sóttu námskeið í LOGOS lestrargreiningu og öðluðust réttindi í að greina nemendur með lestrarörðugleika.

Einnig sótti verkefnastjóri nokkur fræðslunámskeið og fyrirlestra um notkun tövlu- og upplýsingatækni í kennslu.

3. Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Ekki var mikið um frávik frá upphaflegri verkáætlun verkefnisins. Þó er einn þáttur verksins kominn skemur á veg en áætlað var. Í verkáætluninni var gert ráð fyrir að nemendur hefðu aðgang að stuðningsefni og myndskeiðum í kjarnagreinum. Ekki hefur tekist að koma þessum verkþætti í framkvæmd nema að litlu leyti en mun verða áfram í vinnslu.

4. Helstu hindranir

Það sem var helsta hindrunin við þróun verkefnisins varðaði húsnæði. Í byrjum var lagt upp með að námsverið væri í tengslum við bókasafn skólans. Fljótlega kom í ljós að það rými hentaði ekki nema til kæmu einhverjar breytingar á því. Námsverið var því staðsett í lítilli kennslustofu sem fljótlega var of lítil fyrir þá starfsemi sem því var ætlað að inna af hendi og nemendum sem sóttu þjónustu versins fjölgaði ört. Því var

ráðist í að koma upp aðstöðu á bókasafni skólans eins og fyrirhugað var í upphafi. Þar er námsverið nú staðsett í björtu og góðu rými sem hentar ákaflega vel. Með þessari staðsetningu geta nemendur fengið margþætta þjónustu á sama stað.


5. Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið

Ávinningurinn af verkefninu er margþættur að mati skólastjórnenda, námsráðgjafa og kennara sem að verkefninu komu. Nemendur sem hafa nýtt sér námsverið eru almennt mjög ánægðir með þann stuðning sem þar er í boði. Aukin umræða hefur skapast meðal kennara skólans um hvernig hægt er að skipuleggja og auka stuðning við þá nemendur sem að einhverjum ástæðum eiga í erfiðleikum með nám og eru m.a. í brottfallshættu af þeim sökum. Einnig hefur stuðningstímum í einstökum námsgreinum fjölgað.

Helsti ávinningur af námsveri er:

- Aukinn námsstuðningur fyrir nemendur með sértæka og/eða almenna námserfiðleika.
- Aukinn samvinna varðandi nemendur í námsvanda.
- Aukinn námsstuðningur í einstökum námsgreinum.
- Kennarar hafa aðgang að sérkennara varðandi einstaka nemendur.
- Nemendur og kennara hafa aðgang að ráðgjöf .
- Aukin umræða um hvernig hægt er að koma til móts við nemendur sem eiga í námsvanda.
- Úrræði sem hægt er að benda nemendum á (námsráðgjafar, áfangastjórar, kennarar).
- Greining á lestrarörðugleikum.

Yfirlitsmynd yfir námsstuðning á vorönn 2012




6. Mat á verkefninu

Það er ljóst að tilkoma námsversins er kærkomin viðbót við þá þjónustu sem nemendum býðst innan skólans. Nemendur sem nýta sér ráðgjöf og þann stuðning sem námsverið býður upp á, ná árangri í námi. Einnig má gera ráð fyrir að það hafi áhrif á brottfallstölur, því oft eru þetta nemendur sem eru við það að falla út úr skóla vegna erfiðleika í námi. Komið hefur fram hjá kennurum að þeir sjái oft mun á nemendum þegar þeir hafa sótt námsver í nokkurn tíma. Þeir verði skipulagðari og sjálfsmynd þeirra styrkist, auk þess sem færni þeirra eykst.

Það er misjafnt hversu oft nemendur koma í námsverið. Sumir koma í nokkur skipti á meðan aðrir koma einu sinni til þrisvar í viku og hópur nemenda er með fasta tíma þar á sinni stundatöflu. Heimsóknunum í námsverið fjölgaði mjög ört. Á fyrstu önninni komu þangað nær eingöngu nemendur með sértæka lestrarörðugleika sem áttu í miklum erfiðleikum með nám, en það hefur breyst eftir því sem stuðningstímum fjölgaði í einstökum námsgreinum.

Kennarar námsversins hafa skráð allar heimsóknir í verið frá upphafi meðal annars til að meta hversu margir nemendur eru að nýta sér það.



Fjöldi heimsókna í námsver

7. Niðurstöður verkefnisins

Almenn ánægja er innan skólans með að námsveri hafi verið komið á fót og hafa skólastjórnendur lýst því yfir að námsstuðningur verði eflur enn frekar og þar með námsverið. Það hafi skapað sé fastan sess í skólastarfinu nemendum til hagsbóta. Nú þegar veitir námsverið nemendum marpætta þjónustu eins og áætlað var í upphafi.

Þessi þjónusta felst meðal annars í:

- ráðgjöf varðandi forrit og tækjabúnað
- aðgangi að talgervlum
- aðgangi að leiðréttingarforriti
- að kenna skipulögð vinnubrögð – námstækni
- kennslu í notkun stuðningsforrita
- stuðningskennslu í einstökum námsgreinum
- aðgangi að stuðningsefni í kjarnagreinum
- aðstoð við að hlaða niður hljóðbókum
- greiningu á lestrarörðugleikum og ráðgjöf í kjölfarið
- að veita kennurum ráðgjöf varðandi nemendur með lesblindu og sértæka námsörðugleika.

8. Kynning á verkefninu

Starfsmenn tveggja skóla hafa fengið kynningu á námsversverkefninu. Annars vegar hefur það verið kynnt fyrir fagstjóra og kennurum á framhaldsskólabraut Fjölbautaskólans í Ármúla og hins vegar námsstjóra og sérkennara Tækniskólans.

Að öðru leyti eru kynningar á verkefninu ekki fyrirhugaðar en þeim sem óska eftir að kynna sér skipulag námsvers og námsstuðnings í Fjölbautaskólanum í Breiðholti er að sjálfsgöðu velkomið að hafa samband við umsjónarmann námsversins.

Sunnra Fíli Þórusdóttir
Undirskrift verkefnisstjóra

Guðrún Þrefna Guðmundsdóttir
Undirskrift skólameistara ábyrgðarskóla

